


NÝTING MALBIKSKURLS Í BURÐARLÖG VEGA

Áfangaskýrsla – 31.03.2021



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

2970-318-SKY-001-V01

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

43

VERKEFNISSTJÓRAR/FULLTRÚAR VERKKAUPA

Þorbjörg Sævarsdóttir

Gísli Eymarsson

Guðmundur Guðnason

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Vigdís Bjarnadóttir

TITILL SKÝRSLU

Nýting malbikskurls í burðarlög vega

VERKHEITI

Nýting malbikskurls í burðarlög vega

VERKKAUPAR

Vegagerðin

Hlaðbær Colas

EFLA

HÖFUNDAR

Vigdís Bjarnadóttir, EFLA

Þorbjörg Sævarsdóttir, Vegagerðin

Jón Magnússon, Vegagerðin

Pétur Pétursson, PP ráðgjöf

Björk Úlfarsdóttir, Hlaðbær Colas

Gísli Eymarsson, Hlaðbær Colas

Ingvar Torfason, Hlaðbær Colas

Sigþór Sigurðsson, Hlaðbær Colas

LYKILORÐ

Malbikskurl, burðarlag, plötupróf, fallóðsmælingar

STAÐA SKÝRSLU

- Drög
 Drög til yfirlstrar
 Lokið

DREIFING

- Opin
 Dreifing með leyfi verkkaupa
 Trúnaðarmál

ÚTDRÁTTUR

Höfundar skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður skýrslna ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá.

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDAR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Vigdís Bjarnadóttir Þorbjörg Sævarsdóttir Gunnar Bjarnason Jón Magnússon Pétur Pétursson Gísli Eymarsson Ingvar Torfason Sigþór Sigurðsson	31.03.20	Gunnar Bjarnason	31.03.20	Þorbjörg Sævarsdóttir	31.03.20
02	Vigdís Bjarnadóttir Þorbjörg Sævarsdóttir Jón Magnússon Pétur Pétursson Björk Úlfarsdóttir Gísli Eymarsson Ingvar Torfason Sigþór Sigurðsson	31.03.21	Þorbjörg Sævarsdóttir	31.03.21	Vigdís Bjarnadóttir Þorbjörg Sævarsdóttir	31.03.21

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	9
2	ENDURUNNIÐ MALBIK Í BURÐARLÖG	10
2.1	Almennt	10
2.2	Endurvinnsla úr hefðbundnu malbiki	13
2.3	Endurrunnið malbik (gjenbruks asfalt – Gja)	14
2.4	Malbikskurl (knust asfalt – Ak)	15
3	BURÐARÞOLSHÖNNUN VEGA	17
4	KRÖFUR TIL BURÐARLAGA Á ÍSLANDI	20
5	ÞJÖPPUN Í VEGAGERÐ	22
6	KRÝSUVÍKURVEGUR	24
6.1	Framkvæmd tilraunar	27
6.2	Kornakúrfur	28
6.3	Plötupróf	32
6.4	Falllóðsmælingar	35
7	ÖNNUR VERKEFNI	38
7.1	Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas	38
7.2	Reykjanesbraut, milli Kaldárselsvegur og Krýsuvíkurvegar	39
8	NIÐURSTÖÐUR	42
9	HEIMILDASKRÁ	43
VIÐAUKI A	KORNAKÚRFUR	45
VIÐAUKI B	PLÖTUPRÓF	67

MYNDASKRÁ

MYND 1 Dæmi um malbiksfláka (KFA, 2019). _____	11
MYND 2 Dæmi um safnhaug með blöndu af malbiksflákum, fræstu malbiki og afgangsmalbiki (KFA, 2019). _____	12
MYND 3 Markalínur fyrir malað 22 mm berg í burðarlög vega (Vegagerðin, 2019). _____	20
MYND 4 Langsnið vegkaflans (Vegagerðin, 2019). _____	24
MYND 5 Kennisnið vegarins (Vegagerðin, 2019). _____	25
MYND 6 Niðurstöður falllóðsmælinga frá 8.júní 2017. _____	26
MYND 7 Upplag að tilraunaköflum á Krýsuvíkurvegi og staðsetning plötuprófa. _____	26
MYND 8 Útlögn kaldblandaða malbiksins á Krýsuvíkurvegi. _____	27
MYND 9 Útlagnir kaflar á Krýsuvíkurvegi. _____	28
MYND 10 Kornarkúrfur fyrir 0/22 burðarlagsefni úr Vatnsskarðsnámu _____	28
MYND 11 Kornarkúrfur fyrir 20% malbikskurl og 80% 0/22 burðarlagsefni úr Vatnsskarðsnámu. Rauða Línan er brennt sýni og Græna Línan er óbrennt sýni. _____	29
MYND 12 Kornarkúrfur fyrir 40% malbikskurl og 60% 0/22 burðarlagsefni úr Vatnsskarðsnámu. Rauða Línan er brennt sýni og Græna Línan er óbrennt sýni. _____	30
MYND 13 Kornarkúrfur fyrir 60% malbikskurl og 40% 0/22 burðarlagsefni úr Vatnsskarðsnámu. Rauða Línan er brennt sýni og Græna Línan er óbrennt sýni. _____	30
MYND 14 Kornarkúrfur fyrir 100% malbikskurl, tekin voru tvö sýni. _____	31
MYND 15 Kornarkúrfur fyrir Kaldblandað malbik, tekin voru tvö sýni. _____	31
MYND 16 Staðsetning plötuprófa 18. og 19. október. Tekin voru 18 plötupróf. _____	32
MYND 17 Staðsetning plötuprófa 28. október. Tekin voru 2 plötupróf. _____	32
MYND 18 Niðurstöður plötuprófa. E2 gefur upplýsingar um burðarþol Burðarlagsins. KM stendur fyrir kaldblandað malbik. _____	33
MYND 19 Niðurstöður plötuprófa. Meðaltal E2 fyrir 3 próf á öllum köflum utan 11 daga prófsins á kaldblandaða kaflanum, þar er sýnd niðurstaða eins prófs. _____	33
MYND 20 Niðurstöður plötuprófa, Hlutfallið E2/E1 er notað sem mælikvarði á þjöppun. KM stendur fyrir kaldblandað malbik. _____	34
MYND 21 Niðurstöður plötuprófa, meðaltal hlutfallsins E2/E1 fyrir 3 próf á öllum köflum utan 11 daga prófsins á kaldblandaða kaflanum, þar er sýnd niðurstaða eins prófs. _____	34
MYND 22 Niðurstöður plötuprófa ofan á klæðingu vorið 2020. Dökk brúna línun sýnir niðurstöður fengnar úr prófunum í kanti vegarins. _____	34
MYND 23 Reiknað burðargildi (norsk reynslujafna) og SCI (d ₀ -d ₃₀) eftir falllóðsmælingar fyrir mismunandi tilraunakafla á mismunandi tímum. _____	35
MYND 24 Meðaltal mældra niðurbeygja í mismunandi fjarlægð frá álagsmiðjunni. _____	36
MYND 25 Meðaltal burðargildis og SCI (d ₀ -d ₃₀) mældra niðurbeygja í mismunandi fjarlægð frá álagsmiðjunni. _____	37
MYND 26 Tilraun með malbikskurl í burðarlag á planinu hjá MHC (Mynd: Pétur Pétursson). _____	38
MYND 27 Kornarkúrfur fyrir blandað efni 75 % 0/45 burðarlagsefni úr Vatnsskarðsnámu og 25% malbikskurl. _____	39
MYND 28 Niðurstöður plötuprófa ofan á burðarlag Reykjanesbrautar, græna og brúna súlan sýna niðurstöður óblandaðs burðarlagsefnis og fjólubláa og appelsínugulu súlurnar sýna niðurstöður þar sem álag á plötuna var 0,55 MPa. _____	41

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1 Endurnýtingarmöguleikar malbiks fyrir mismunandi hluta vegbygginga (KFA, 2019).	11
TAFLA 2 Kröfur varðandi skrásetningu á malbikskurli, notað sem steinefni í heitblandað malbik (Statens vegvesen, 2019).	13
TAFLA 3 Skrásetning á malbikskurli fyrir kalda endurvinnslu (KFA, 2019).	14
TAFLA 4 Leyfilegt magn endurunnins efnis við mismunandi vinnsluaðferðir skv. sænsku vegagerðinni (Vägverket, 2005).	14
TAFLA 5 Æskileg kornastærðardreifing fyrir bæði hefðbundið malbik og endurunnið malbik (KFA, 2019).	15
TAFLA 6 Leiðbeiningar um val efna í bæði efri og neðri hluta burðarlags út frá ÁDU (Statens vegvesen, 2019).	17
TAFLA 7 Álagsdreifistuðlar mismunandi efna (Statens vegvesen, 2019) (Vegagerðin, 2019).	18
TAFLA 8 Kröfur til steinefna í burðarlög (Vegagerðin, 2019).	21
TAFLA 9 Kröfur til E2 og hlutfallsins E2/E1 á burðarlög vega (Vegagerðin, 2019)	21
TAFLA 10 Kröfur til E2 gildis og hlutfalls E-gilda úr plötuprófum með 300 mm plötu og 0,55MPa álag (Vegagerðin, 2019).	22
TAFLA 11 Kröfur til þjöppunarprófana við plötupróf í Noregi (Statens vegvesen, 2019).	22
TAFLA 12 Bikinnihald sýnanna.	31
TAFLA 13 Niðurstöður plötuprófa á planinu hjá MHC.	39
TAFLA 14 Niðurstöður plötuprófa á burðarlagi Reykjanesbrautar.	40

1 INNGANGUR

Alþjóðakröfur til endurvinnslu, endurnýtingar og endurnotkunnar úrgangsefna eru að aukast. Einnig eru kröfur til efnisurðunar að aukast, bæði hvað varðar magn og gæði þess efnis sem urðað er. Á Íslandi hefur undanfarin ár og áratugi verið fræst ofan af malbiki sem þarf að endurnýja en vegna þessa hafa safnast saman haugar af malbikskurli. Malbikskurl er gott efni sem best væri að nýta í nýtt malbik en nauðsynlegt er að hafa fleiri notkunarmöguleika til að koma í veg fyrir uppsöfnun á efninu. Þá er hægt að nýta efnið í burðarlög vega og stíga. Á hinum Norðurlöndunum er vel þekkt að efnið sé nýtt í burðarlög vega, bæði óbundin sem og bikbundin burðarlög.

Höfundar telja að malbikskurl sé gott efni sem réttast væri að nýta í efstu lög vegarins. Í þessu rannsóknarverkefni er hugmyndin að taka saman reynslu annarra þjóða í nýtingu malbikskurls í burðarlög vega, taka saman þá notkun sem hefur átt sér stað hérlandis, sem og að kanna frekari möguleika á nýtingu efnisins í vegaframkvæmdir. Einnig verður litið til leiðbeiningarita sem Vegagerðin hefur gefið út.

Nýting efnisins er skoðuð á þrjú mismunandi vegu, þ.e.a.s.:

- Blanda efninu beint í óbundin burðarlög, í mismunandi hlutföllum.
- Leggja út efra burðarlag sem kaldblandað malbik ofan á óbundið neðra burðarlag.
- Leggja út efra burðarlag sem þunnt lag af malbikskurli ofan á óbundið neðra burðarlag.
- Einnig er lagður samanburðarkafli þar sem engu kurli er blandað við óbundið burðarlag.

Styrktarlagið er í öllum tilfellum óbundið efni úr námu. Fyrir útlögn eru framkvæmdar hefðbundnar efnisprófanir á efninu. Við útlögn eru framkvæmd plötupróf á efninu en til að fylgjast með framvindu mismunandi veguppbygginga hafa verið framkvæmdar falllóðsmælingar með reglulegu millibili. Lokið var við að leggja tilraunakafla á Krýsuvíkurvegi haustið 2019 en til stendur að endurtaka tilraunina sumarð 2021. Einnig er fylgst samfelld með ástandi vega þar sem malbikskurlið verður nýtt.

2 ENDURUNNIÐ MALBIK Í BURÐARLÖG

2.1 Almennt

Í Evrópustöðlunum (CEN) er einungis litið til eiginleika efna en ekki uppruna þeirra og þannig opnað fyrir þann möguleika að nýta endurunnin efni samhliða nýju hráefni (*EN 13242:2002+A1:2007*). Fyrsta setningin í staðlinum *EN 13242:2002+A1:2007* er sú að það séu eiginleikar steinefnis sem skipti máli en ekki hvort það komi úr námu, sé framleitt eða endurunnið, fyrir bæði bundin og óbundin efni í almenn byggingarverkfræðileg verkefni og vegagerð. Enska heitið fyrir steinefni er „*aggregate*“ og er skilgreint sem „*granular material used in construction. Aggregates may be natural, manufactured or recycled*“. Efnið er flokkað eftir því hversu hátt hlutfall efnisins eru endurunnin steinefni.

Allt hreint malbik er hægt að endurvinna, en malbiksúrgangur er gæða steinefni og bik sem ætti að vera nýtt. Samhliða aukinni endurvinnslu og endurnýtingu iðnaðarúrgangs er eðlilegt að líta til aukinna notkunarmöguleika malbikskurls. Sem dæmi má nefna að Svíar nýta allt malbikskurl til vegagerðar, annað hvort í nýtt malbik, í kaldblandað malbik eða sem burðarlagsefni (Miliutenko, Björklund, & Carlsson, 2013).

FHWA (Federal Highway Administration) í Bandaríkjunum hefur gefið út leiðbeiningar um endurnýtingu á ýmsum hliðarafurðum til vegagerðar, þar á meðal malbikskurls (Federal Highway Administration, 1997). Þar hefur endurunnið malbik verið notað sem byggingarefni í yfir 20 ár.

Malbikskurl hefur verið skilgreint sem efni til vegagerðar af Vegagerðum allra Norðurlandanna fyrir utan Ísland, en notkunin er m.a. skilgreind í eftirfarandi leiðbeiningarritum og handbókum:

- Noregur (Statens Vegvesen): *Håndbok N200; Gjenbruksmaterialer i vegbygging Eksempelsamling*, RAPPORT Teknologivdeling en Teknologivdeling Nr. 2574.
- Noregur (KFA, Kontrollordningen For Asfaltgjenvinning): *Veileder i gjenbruk av asfalt*.
- Danmörk (Vejteknisk Institut): *Vej: Ubundne bærelag af knust asfalt - efter europæiske standarder*, Rapport 132, 2004.
- Svíþjóð (Vägverket): *Handbok för återvinning av asfalt*, Publikation 2004:91, ATB VÄG 2005.

Samantektin hér að neðan byggist á ofangreindum handbókum og leiðbeiningarritum en einnig er litið til innlendra heimilda (Ásbjörn Jóhannesson o.fl., 2010; Vegagerðin, 2012; Hafdís Eygló Jónsdóttir og Gunnar Bjarnason, 2013 og Vegagerðin, 2021).

Endurrunnið malbik er samheiti yfir uppgrafið malbik, fræst malbik eða sem á einn eða annan hátt hefur verið fjarlægt af sínum upprunalega stað. Undir þetta fellur einnig afgangsmalbik frá framleiðslu. Endurrunnið malbik má endurvinna með því að mala það niður og sigta í malbikskurl sem nota má t.d. sem byggingarefni eða hráefni í nýtt malbik (Vejteknisk Institut , 2004) (Vägverket, 2005).



MYND 1 Dæmi um malbiksfláka (KFA, 2019).

Líkt og komið hefur fram samanstendur malbik af bindiefni og steinefnum af misgóðum gæðum. Þetta eru óendurnýjanlegar auðlindir sem þarf því að endurvinna þannig að gæðin nýtist sem best. Tafla 1 sýnir yfirlit yfir mögulega endurnýtingu á þessu verðmæta efni og að hversu stórum hluta efnið nýtist (KFA, 2019). Þar sem bik er það sem skilur malbik frá mekanískt stöðlum efnum er ekki hægt að segja að allt malbikið nýtist í endurvinnslu þar sem eiginleikar biksins eru ekki nýttir eftir endurvinnslu. Einnig eru kröfur til mekanísks styrks hærrí fyrir efni sem nota á í malbik en fyrir aðra notkun t.d. í burðarlög. Það er því hentugast að nota malbikskurl í vinnslu á nýju malbiki til þess að hámarka verðmæti endurnýtta efnisins. Sérstaklega ef notað er malbikskurl endurrunnið úr vegi með háa ÁDU, því þar hafa kröfurnar til steinefnisins verið hæstar (Statens vegvesen, 2019) (Vejteknisk Institut , 2004) (Vägverket, 2005).

TAFLA 1 Endurnýtingarmöguleikar malbiks fyrir mismunandi hluta vegbygginga (KFA, 2019).

HLUTAR VEGBYGGINGAR	ENDURNÝTINGAR-MÖGULEIKAR	ATH.
Venjulegur heitunnin efnismassi í samræmi við Handbók N200 um slitlög, bindi- eða burðarlög	+++	Nánast sömu notkunarmöguleikar og gæði og upprunalega malbikið. Við 5-10% í slitlagsmassa og 5-20% í bindi- og burðarlagsmassa þurfa eðlilegar kröfur til efnisgerðarinnar að vera uppfylltar, en ekki þarf að skrásetja sérstaklega kurlið. Aukið hlutfall kurls í efnismassanum mun auka kröfur um skrásetningu á kurlinu.

HLUTAR VEGBYGGINGAR	ENDURNÝTINGAR- MÖGULEIKAR	ATH.
Heitunnin endurvinnsla á vegi með nýju slit-/bindilagi	+++	Fullgilt nýtt slitlag. Vegna hættu á lægri endingartíma ef sömu tækni við lagningu er beitt ítrekað á sama stað, ætti að leggja nýtt malbik á svæðið inn á milli.
Gja (Endurnotað malbik, kaldunnið)	+++	Góður efnismassi fyrir burðarlög og slitplan (slitedekke) á svæðum þar sem lítil umferð er á vegi. Efnisgæðin jafngilda gæðum á köldu malbiki með nýframleiddu efni.
Endurvinnsla á veginum með fræsingu á mekanískt stöðugu burðarlagi í sambandi við auðgun / styrkingu	++	Bætir styrkta burðarlagið, en er notað neðar í vegbyggingunni en upphaflega. Eiginleikar bindiefnisins eru ekki nýttir.
Malaryfirborð	++	Endurnýtt í lægri gæði en upprunalega malbikið, en veitir betra „malar yfirborð“ sem er minna rykugt og gæti þurft minna viðhald.
Óbundið efni í burðarlag	++	Endurnýtt í lægri gæði en upprunalega malbikið, en getur gefið betra burðarlag með tilliti til álagsdreifingar og vatnsnæmi.
Óbundið efni á vegöxl/kant	++	Endurnýtt í lægri gæði en upprunalega malbikið, en getur gefið lægri viðhaldspörf á vegöxlum en með notkun steinefna.
Styrking á vegum, óbundin notkun	++	Endurnýtt í lægri eða jafngóð gæði og upprunalega malbikið, allt eftir því hvort valið sé á milli nýs efnismassa úr malbiki eða steinefna.
Malbiksafréttningarlag og / eða afréttningarlag á burðarlag	++	Endurnýtt í töluvert lægri gæði en upprunalega malbikið, en virkar einnig með því að veita vinnslufirborð (anleggsdekke) sem er ekki svo viðkvæmt fyrir mulningi og inniheldur ekki frostnæm efni.
Óbundin notkun í styrktarlag	+	Endurnýtt í mun lægri gæði en upprunalega malbikið. Getur veitt betra styrktarlag en með hefðbundnum efnum.
Urðun	-	Efnið ætti aðeins að vera urðað ef það inniheldur PAH/tjöru eða önnur mengandi efni sem gera það óhentugt til endurvinnslu.

Nýting á endurnotkunarmöguleikum er metin með eftirfarandi mælikvarða:

- +++ Endurnýtt í gæði sem samsvara upprunlegum gæðum malbiksins.
- ++ Endurnýtt í lægri gæði en upprunalega malbikið, en eiginleikar efnisins eru nýttir.
- + Endurnýtt í lægri gæði en upprunalega malbikið, og eiginleikar efnisins eru aðeins nýttir að hluta.
- Efnið er fjarlægð úr hringrásinni fyrir fullt og allt.



MYND 2 Dæmi um safnhaug með blöndu af malbiksflákum, fræstu malbiki og afgangsmalbiki (KFA, 2019).

Malbik samanstendur af u.þ.b. 95% steinefnum af misgóðum gæðum og u.þ.b. 5% bindiefni. Þetta eru efni sem henta vel til endurnýtingar. Oft eru nefndir þrír notkunarmöguleikar eða flokkar í þessu samhengi (Statens vegvesen, 2019):

- Endurvinnsla í hefðbundið malbik (t.d. AC, SMA og BRL (no. Ab, Agb, Ag, Ska))
- Endurrunnið malbik (tillaga að skamstöfun, Ema (no. Gja))
- Malbikskurl (tillaga að skammstöfun, Mk (no. Ak))

Í eftirfarandi texta verður fjallað nánar um hvern flokk fyrir sig.

2.2 Endurvinnsla úr hefðbundnu malbiki

Hefðbundnu malbiki, eins og td. heitblandað stífmalbik, steinríkt malbik og drenmalbik er lýst í handbók norsku vegagerðarinnar (Statens vegvesen, 2019) og í leiðbeiningarriti norsku vegagerðarinnar um malbik frá 2019 (KFA, 2019). Þegar slíkir efnismassar eru framleiddir með endurvinnslu gilda sömu kröfur um tilbúna efnið og ef malbikskurl væri ekki notað. Handbók norsku vegagerðarinnar setur takmarkanir við hversu stór hluti efnismassans má vera endurnýtt efni og er það háð bæði efnisgerðinni og framleiðsluáferð. Þar er krafan sú að sé magn malbikskurls í slitlagi meira en 10%, og meira en 20% í burðarlagi, þarf að skrásetja það sérstaklega. Einnig eru takmarkanir við notkun á óbundnu efni, t.d. í tengslum við lagþykktir og fjölda efnislaga í yfirbyggingu, þegar óbundið kurl er notað eða fræst malbik.

Stífmalbik og burðarlagsmalbik eru framleidd með jafna kornastærðardreifingu. Endurrunnið malbik frá þessum gerðum malbiks mun því einnig vera með jafna kornastærðardreifingu og ætti því að standast þær kröfur sem gerðar eru til þess konar efnisgerðar. Sérstakari efnisgerðir eins og td. Steinríkt malbik og drenmalbik þarfnast betur flokkaðrar kornastærðardreifingar, þ.e.a.s. stærra hlutfall af grófari kornum og því er erfitt að útbúa þessar efnisgerðir með endurunnu efni. Þetta hlutfall má bæta ef endurrunna efnið var upphaflega með samskonar efnisgerð. Þetta krefst góðrar flokkunar á endurrunna efninu (Statens vegvesen, 2019).

Tafla 2 sýnir prófunartíðni skv. handbók N200, þegar malbikskurl er notað sem viðbótarefni í framleiðslu á heitblönduðu malbiki.

TAFLA 2 Kröfur varðandi skrásetningu á malbikskurli, notað sem steinefni í heitblandað malbik (Statens vegvesen, 2019).

SKRÁSETNING AF	PRÓFUNARTÍÐNI FYRIR SKRÁSETNINGU. EIN PRÓFUN FYRIR HVERN EININGARFJÖLDA AF MALBIKSKURLI	
	Magn endurunnins efnis í efnismassanum	
Slitlag	< 10 %	> 10 %
Burðarlag	< 20 %	> 20 %
Mengun (framandi efni)*	2000 tonn	500 tonn
Bindiefnainnihald	-	500 tonn
Kornadreifing	-	500 tonn
Stærsta kornastærð kurls		500 tonn
Harka bindiefnis (stungudýpt, seigja o.fl.)	-	500 tonn

*T.d. steypa, timbur, plast o.s.frv.

2.3 Endurunnið malbik (gjenbruks asfalt – Gja)

Endurunnið malbik er malbikskurl þar sem bikbindiefni hefur verið bætt við. Hér er talað um malbik sem samanstendur af stærstum hluta af stökum kornum þar sem reynt er að „líma“ kornin saman við blöndun, með viðbættu bindiefni. Tilbúni efnismassinn myndar þá þetta þekju á yfirborðið.

Endurunnið malbik í óbundnu formi (malbikskurl) (þ.e. án viðbættra bindiefna) er hægt að nota sem burðarlag og fleygmassa (forkilingsmasse), sem yfirbygging vega eða tímabundið yfirborðslag þar sem lítil umferð er. Skrásetja skal hreinleika efnisins.

Evrópustaðalinn EN 12697-42: *Bituminous mixtures – Test methods – Part 42: Amount of foreign matter in reclaimed asphalt* (Staðlaráð Íslands, 2021) gefur aðferð við flokkun aðskotaefna í endurunnu malbiki. Taka þarf tiltekinn fjölda sýna úr framleiddum haugum af malbikskurli til að heildarsýnið sé marktækt, svo hægt sé að skrásetja hreinleika efnisins. Gera má ráð fyrir að ferskt fræst malbik í haug þar sem ekki eru líkur á að utanaðkomandi mengun hafi átt sér stað, sé hreint. Malbikskurlið skal vera laust við kekki.

Í handbókum bæði sænsku og norsku vegagerðanna kemur fram að endurunnið malbik er hægt að framleiða heitt eða kalt, beint á veginn eða í þar til gerðum blöndunarstöðvum. Við heita og kalda endurvinnslu beint á veginn fer fram fræsing, með eða án upphitunar á yfirborðinu sem á að endurnota. Hægt er að bæta við passlegu magni af steinefni til að leiðrétta kornadreifinguna í efnismassanum. Taka þarf sýni (kjarna) úr laginu sem á að fræsa og endurvinnna til að geta hannað viðbætta efnið í réttum hlutföllum. Endurunnið malbik er hægt að framleiða á blöndunarstöðvum með endurvinnsluhlutfalli upp að 80-100%. Hægt er að bæta við olíum til að mýkja eldra bindiefnið sem er til staðar í malbikskurlinu (Vägverket, 2005), (Statens vegvesen, 2019).

TAFLA 3 Skrásetning á malbikskurli fyrir kalda endurvinnslu (KFA, 2019).

SKRÁSETNING AF	
Slitlag	ÁDU < 3000
Burðarlag	ÁDU > 5000
Mengun (framandi efni)*	Skrásett
Kornadreifing (kurl)	Sjá töflu 2 á undan
Kornadreifing (fjarlæggt)	Skrásett
Bikinnihald	Skrásett
Einsleitni	Skrásett

*T.d. steypa, timbur, plast etc.

TAFLA 4 Leyfilegt magn endurunnins efnis við mismunandi vinnsluaðferðir skv. sænsku vegagerðinni (Vägverket, 2005).

AÐFERÐ	NOTKUN	VIÐBÆTT BINDIEFNI	HEFÐBUNDIÐ MAGN MALBIKSKURLS
Heitunnin endurvinnsla	Fyrir slit- bindi og burðarlög í hverjum umferðarflokki og veggerð.	Bik	Milli 5 og 30%, háð gerð malbikskurlisins
Köld endurvinnsla	Fyrir slit- og burðarlög	Bikþeyta, mjukbitumen eða froðubik	Meira en 80%

Tafla 3 sýnir prófunartíðni þegar malbikskurl er notað sem viðbótarefni í framleiðslu á kaldblönduðu malbiki.

Í handbók sænsku vegagerðarinnar er tafla sem sýnir leyfilegt magn endurunnins efnis við mismunandi vinnsluaðferðir (tafla 4) (Vägverket, 2005).

2.4 Malbikskurl (knust asfalt – Ak)

Malbikskurl er lagt beint á notkunarsvæðið þar sem annars hefði verið notað nýframlétt efni, án viðbætts bindiefnis eða upphitunar. Dæmigerð svæði þar sem þetta væri notað eru td. styrktarlög, burðarlög, púkkmulning, vegir í tímabundinni notkun og í óbundin burðarlög t.d. á malarvegi. Vökva skal malbikskurl fyrir lagningu til að ná þeirri þjöppun sem æskileg er.

Óbundið malbikskurl (100%) er aðeins hægt að nota í einu lagi í yfirbyggingunni, fyrir eftirfarandi umferðarhópa:

- Efra burðarlag - Umferðarhópar A og B
- Neðra burðarlag - Umferðarhópar A - D

Fyrir burðarlög ætti flokkunin að vera annaðhvort 0/16, 0/22 eða 0/32. Fyrir kílingu er hægt að nota 0/11 mm steinefni.

Fyrir efnismassa sem aðeins er framleiddur úr malbiki eru engar kröfur gerðar til mekanískra eiginleika (Los Angeles gildi og Micro-Deval stuðuls), kleyfni, húmus innihalds eða hlutfalls brotinna/ávála korna. Gert er ráð fyrir að þessum eiginleikum sé gætt við malbiksvinnslu og breytist þeir að litlu leyti með niðurbroti. Blöndun Gk eða Fk, allt að 50% er leyfð.

Malbikskurl er lagt í einsleitt lag með jafnri þykkt, allt að 10 cm í burðarlaginu. Efri sigtastærð kornanna skal vera lægri en helmingur þykktar lagsins. Við þjöppun ætti efnið að hafa að minnsta kosti 5% vatnsinnihald. Nota skal þungan statískan rúllubúnað, því malbikskurl getur aðskilist og orðið fyrir óstöðugleika við titringsþjöppun. Forðast skal aðskilnað. Við framleiðslu verður að taka tillit til þess að það getur orðið niðurbrot á efninu sem eykur þá fínefnainnihald við flutning, útlögn og þjöppun (Statens vegvesen, 2019).

TAFLA 5 Æskileg kornastærðardreifing fyrir bæði hefðbundið malbik og endurunnið malbik (KFA, 2019).

MÖSKVASTÆRÐ	MASSAPRÓSENTA SEM SMÝGUR SIGTI	
	0/22	0/32
63	-	100
45	100	-
22,4	70-100	70-100
11,2	55-90	50-85
8	45-75	45-75
4	25-55	25-55
2	10-40	10-40
1	5-25	5-25
0,5	0-15	0-15
0,25	0-10	0-10
0,063	0-5	0-5

Í töflu 5 má sjá æskilega kornastærðargreiningu fyrir bæði hefðbundið malbik og endurunnið malbik.

Malbikskurl hefur verið notað lengi í burðarlög vega og eru sumir tæknilegir eiginleikar endurunnins malbiks sérstaklega áhugaverðir, svo sem kornadreifing, burðarþol, þjöppun og þéttleiki, rakainnihald, gegndræpi og ending (Federal Highway Administration, 1997):

- Kornadreifing: Kornadreifing efnisins ræðst af því hvernig efnið er brotið niður, þ.e. stærð tanna og hraði tækisins sem brýtur efnið niður í kurl. Stærra bil tanna og hærri hraði á niðurbroti veldur því að kornin verða stærrí og dreifingin verður grófari.
- Burðarþol: Burðarþol endurunnins malbiks fer að stórum hluta eftir því hvernig hlutfallið er á milli malbikskurlsins og hefðbundinna steinefna í efnismassanum. Burðargetan verður lægri með auknu hlutfalli malbikskurls. California Bearing Ratio (CBR) fæst með plötuprófun en það er prófun á burðargetu efnismassa. Ef magn malbikskurls er yfir 20-25% má gera ráð fyrir því að CBR gildið lækki miðað við að einungis hefðbundið steinefni væri notað. Sýnt hefur verið fram á að CBR gildin lækka í beinu sambandi við aukið hlutfall af endurunnu malbiki.
- Þjöppun og þéttleiki: Bikhúðun á malbikskurlinu sjálfu getur valdið lægri þjöppun á efnismassanum en svo virðist sem þjöppunareiginleiki blandaðs efnismassa versni með auknu magni af malbikskurli.
- Rakainnihald: Ákjósanlegasta rakainnihald fyrir endurunnið malbik er talið vera hærra en fyrir efnismassa með einungis hefðbundnum steinefnum. Þetta byggir helst á því að töluvert magn af fínefnum eru talin verða til þegar malbikið er malað niður í kurl.
- Gegndræpi: Gegndræpi (e. permeability) blandaðs efnismassa sem inniheldur malbikskurl er svipað því og þegar einungis hefðbundin steinefni væru notuð í massann.
- Ending: Þar sem gæði efna sem notuð eru í malbik eru oft betri en þau gæði sem hefðbundin steinefni í burðarlög vega þurfa að standast, eru sjaldan áhyggjur af endingu þegar endurunnið malbik er notað, sérstaklega ef hlutfall malbikskurls er lægra en 20-25%.

3 BURÐARPOLSHÖNNUN VEGA

Vegir og götur skulu hönnuð fyrir 10 tonna áspunga og 20 ára hönnunartíma. Valin vegtegund skal hafa umferðarrým d sem annar hönnunarumferð vegarins, byggða á árdagsumferð (ÁDU). Í töflu 6 eru leiðbeiningar um val efna í burðarlög miðað við umferð. Í burðarlög er oft talað um að æskilegt sé að velja mulið berg, púkk eða bundin efni.

TAFLA 6 Leiðbeiningar um val efna í bæði efri og neðri hluta burðarlags út frá ÁDU (Statens vegvesen, 2019).

GERÐ BURÐARLAGS	EFRI HLUTI BURÐARLAGS				NEÐRI HLUTI BURÐARLAGS				
	ÁDU ¹⁾	3000			ÁDU ²⁾	3000			
	300	1500	5000	15000	300	1500	5000	15000	
Mulin mól ²⁾	G _k								
Mulið berg	F _k								
Kílt púkk	F _p								
Bikþeytu púkk	E _p								
Bikfyllt púkk	P _p								
Bikþeytu mól	E _g								
Froðubik	S _g								
Bikbundin mól	B _g								
Endurnotað malb. ³⁾	G _{ja}								
Asfaltb. sandur	A _s								
Asfaltb. púkk	A _p								
Asfaltb. mól	A _g								
Sementsb. púkk ⁴⁾	C _p								
Sementsb. mól ⁴⁾	C _g								
Malað malbik	A _k								

¹⁾ Neðri mörk ÁDU eru valin af hagkvæmnisástæðum, en efri mörk af hæfi efna.

²⁾ Hentar ekki á „Stamvegum“ (vegum með mikilvæg þjónustuhlutverk) eða sem burðarlag á vegum með $N > 0,2$ mill.

³⁾ G_{ja} á við um mjög breytilegan flokk efna og skal meta hvert tilfalli sérstaklega.

⁴⁾ Sama efnisgerð er ætluð bæði í burðar- og styrkingarlag.

TAFLA 7 Álagsdreifistuðlar mismunandi efna (Statens vegvesen, 2019) (Vegagerðin, 2021).

EFNI	Skammstafanir efna		Bindiefni, pen seigja	Álagsdreifistuðlar, staðalgildi			
	íslenskar	norskar		Heilt ⁴⁾	Sprungið ⁴⁾	Fínefni <63 µm	
						7–15%	>15%
Yfirbygging							
Heitblandað malbik ekki drenmalbik	AC, SMA	Sta, Top	35/50,	3,50	1,50		
		Ab, Agb	50/70–160/220	<u>3,00</u>	1,50		
		Ska	≥ 250/300	2,50	1,50		
Drenmalbik		Da	Allar pen. °	2,00	1,50		
Mjúkmalbik		Ma	V ≥ 6000	<u>1,50</u>	1,25		
			V < 6000	1,25	1,25		
Bikþeyta, þétt		Egt	Allar pen. °	2,00	1,25		
			V ≥ 12000	<u>1,50</u>	1,25		
Froðubik		Asg	Allar pen. °	1,75	1,25		
			330/430	<u>1,50</u>	1,25		
			V ≥ 6000				
Olíumöl/asfaltl. möl		Og/Alg	VO/BL		1,25		
Burðarlag							
Endurnotað malbik, kaldunnið		Gja	Allar pen. °	<u>1,75</u>	1,25		
				1,50	1,25		
Sementsbundið efni		Cg, Cp		2,25	1,25		
Asfaltbundin möl	BRL	Ag	50/70–160/220	<u>3,00</u>	1,50		
			≥ 250/300	2,75	1,50		
Asfaltbundinn sandur		As	Allar pen. °	2,00	1,25		
Asfaltbundið þúkk		Ap	Allar pen. °	2,00			
Biksmigið þúkk		Pp	Allar pen. °	1,50			
Bikþeytt möl og froðubik		Eg, Sg		<u>2,00</u> ¹⁾	1,25		
				<u>1,75</u> ²⁾	1,25		
				1,50 ³⁾	1,25		
Bikbundin möl		Bg		1,75 ²⁾	1,25		
				<u>1,50</u> ³⁾	1,25		
				1,25	1,25		
Fræst og bikblandað í vegi (Ísl)				1,50			
Endurnotuð asfaltbundin möl, kalt		Gja	Allar pen. °	<u>1,75</u>	1,25		
				1,50	1,25		
Endurnotuð steinsteypa		Gjb		1,25			
Kílt þúkk		Fp		1,25			
Mulið berg		Fk		1,35			
Malbikskurl		Ak		1,35		0,75	0,50
Mulin grús		Gk		1,25		0,75	0,50
Endurnotað efni		Gjb		1,00			
		Bm		1,00			

¹⁾ Kleifni brotþol > 145 kPa eða E-gildi > 860 MPa (v/25°C) (Kleifni brotþol = indirekte strekkstyrke)

²⁾ Kleifni brotþol > 100 kPa eða E-gildi > 580 MPa (v/25°C)

³⁾ Kleifni brotþol > 60 kPa eða E-gildi > 360 MPa (v/25°C)

⁴⁾ Venjuleg gildi eru notuð þegar hanna á nýjan veg. Sprungin gildi og gildi fyrir rakaviðkvæm efni má nota við mat á efnum í núverandi vegum við styrkingu.

⁵⁾ Við meðhöndlun yfirborðs er bitumen fleyti af ýmsum gæðum notað í bindiefnið líkt og sýnt er í töflunni.

Við burðarþolshönnun vega eru notaðar burðarþolshönnunartöflur þar sem gengið er út frá ákveðnum álagsdreifistuðlum fyrir hvert efni, sjá töflu 7. Efni í yfirbyggingu fá álagsdreifistuðla miðað við hlutfallslega eiginleika þeirra til að dreifa álaginu. Viðmiðunarefni er möl með „góða

kornastærðardreifingu“ í frostflokki T1 og með $C_u \geq 10$. Slíkt efni hefur álagsdreifistuðul $a = 1,0$. Bikbundið burðarlag og bindilag skal reikna með fullri álagsdreifingu. Undirstrikuðu gildin eru staðalgildi sem almennt eru notuð ef aðrar upplýsingar um styrk efnis eru ekki fyrirleggjandi. Fyrir einstök malbiksbundin efni eru gefin upp mismunandi gildi en þau eru breytileg eftir því hvaða bindiefni er notað. Notkun stífra bindiefna í slitlag sem sett er á mjúkt undirlag getur orðið til þess að sprungur myndast fyrr en ella og niðurbrot vegarins gerist hraðar en ef notað væri mýkra bindiefni.

Ýmsar skammstafanir efna má sjá í töflu 7, bæði íslenskar og norskar.


- **AC** = yfirlagsmalbik, slitlag.
- **SMA** = steinríkt malbik, slitlag. Talið hafa mikið slitþol gagnvart negldum hjólbörðum og mikið skriðþol.
- **BRL** = burðarlagsmalbik. Notað sem burðarlag, í undantekningartilvikum sem bráðabirgðaslitlag en þá með auknum kröfum og lagt er yfir ári síðar.

4 KRÖFUR TIL BURÐARLAGA Á ÍSLANDI

Hér að neðan eru listaðir þeir eiginleikar sem Vegagerðin hefur skilgreint fyrir mismunandi ársdagsumferð þungra ökutækja (ÁDU_p). Um er að ræða kornadreifingu, kornalögun, styrkleikapróf, berggreiningu, brothlutfall, húmus/þjálmi og frostþolspróf en einnig er gerð krafa um þjöppun og burðarþol burðarlaga (Vegagerðin, 2021).

Þegar verið er að skoða burðarlagsefni eru tvenns konar kröfur gerðar í berggreiningu varðandi leyfilegt magn 3. flokks efnis: mjög ummyndað efni og ferskt efni. Ekki er fjallað frekar um ummynduð bergbrigði þar sem efnið er ekki notað í malbiksframleiðslu.

Kröfur til kornadreifingar óbundinna burðarlagsefna miðast við staðalinn ÍST EN 13285: „Unbound mixtures – Specification“, þar sem neðri flokkunarstærðin er d=0 mm og efri flokkunarstærðin er D=X mm. Í þessu verkefni var tilgreint í útboðsgögnum að nota 0/22 mm efni (mynd 3).



MYND 3 Markalínur fyrir malað 22 mm berg í burðarlög vega (Vegagerðin, 2019).

Í töflu 8 má finna þær kröfur sem gerðar eru til steinefna í burðarlög vega á Íslandi. Prófun á kornalögun er framkvæmd skv. staðli *ÍST EN 933-3*, sem gerir ráð fyrir að lögun sé mæld á stærðarflokkum frá 4/80 mm. Hérlendis hefur þó oft verið miðað við að mæla á 4/31,5 mm sýnum, þrátt fyrir að stundum sé um grófara efni að ræða. Styrkleikapróf (LA-próf) eru framkvæmd skv. staðli *ÍST EN 1097-2*, á 10-14 mm steinefni. Leiðbeinandi kröfur Vegagerðarinnar um leyfilegt magn steinefna í 3. gæðaflokki fyrir burðar- og styrktarlagsefni eru settar fram miða við greiningu á 5,6-11,2 mm steinefni. Brothlutfall steinefnis er mælt á flokkuðu sýni samkvæmt *ÍST EN 933-5*. Brothlutfallið, CX/Y, merkir að meira (eða jafnt og) X % efnisins skal vera brotið, en minna en (eða jafnt og) Y % má vera alnúið. Steinefnakorn telst vera brotið ef minnst helmingur yfirborðs þess er brotið. Ef steinefni er fengið úr sprengdu bergi telst það uppfylla kröfuflokk C100/0, og þarfnast þá ekki prófunar (*ÍST EN 13242*). Miðað er við að frostpólsprófið sé framkvæmt á 8-16 mm steinefnasýni í saltlausn samkvæmt *ÍST EN 1367-6*, en einungis þarf að framkvæma frostpólspróf ef of mikið af steinefnakornum lenda í flokki 3. í berggreiningu.

TAFLA 8 Kröfur til steinefna í burðarlög (Vegagerðin, 2021).

FJÖLDI ÞUNGRA ÖKUTÆKJA, ÁDU _p	KLEFNI-STUÐULL, %	LA GILDI, %	BERGGREINING % Í 3.FLOKKI	MALAD HARPAÐ GRJÓT BROTHLUTFALL, %	FROSTPOLS-GILDI, %
≥ 400	≤ Fl ₂₀	≤ LA ₂₅	≤ 12	C _{90/3}	
≥ 100	≤ Fl ₂₅	≤ LA ₃₀	≤ 20	C _{90/3}	
≥ 10	≤ Fl ₃₀	≤ LA ₃₅	≤ 30	C _{50/10} *	
< 10	≤ Fl ₃₅	≤ LA ₄₀	≤ 30	C _{50/10} *	

* Hér er að auki gerð krafa um að 30 til 100 % þess efnis sem flokkast brotið sé albrotið. NR merkir engin krafa.

Efni sem nota á í burðar- og styrktarlög skal vera laust við lífræn óhreinindi og má ekki flokkast sem þjált efni. Ef fínefnamagn efnisins er minna en 3% þarf ekki að prófa þjálni efnisins.

Burðarlag skal leggja út í rétta lagþykkt með þúkkdreifara og að útlögn lokinni á yfirborðið að standast þær kröfur sem listaðar eru upp í töflu 9. Í töflunni eru listaðar upp lágmarkskröfur til gilda úr niðurstöðum plötuprófa, en mesta frávik einstakra plötuprófa til lækkunar er 10 MPa fyrir burðarþölgildið (E2) en meðaltalið skal ná kröfugildinu.

TAFLA 9 Kröfur til E2 og hlutfallsins E2/E1 á burðarlög vega (Vegagerðin, 2021)

FJÖLDI ÞUNGRA ÖKUTÆKJA, ÁDU _p	E2 [MPa]	E2/E1
≥ 400	≥ 150	≤ 2,5
≥ 100	≥ 140	≤ 2,7
< 100	≥ 130	≤ 3,0

En eins og fram hefur komið, ættu eiginleikar efna að ráða notkunarmöguleikunum en ekki uppruni efnisins. Þess vegna er mjög mikilvægt að blandaða efnið sem notað er í verkefninu uppfylli þær efniskröfur sem gerðar eru til þess. Þegar litið er yfir þær kröfur sem gerðar eru til burðarlags þá eru steinefnakröfur til malbiks meiri. Ef bik og önnur innihaldsefni hafa ekki áhrif á notkun efnisins, kornakúrfa blöndunnar í lagi og nægileg þjöppun næst þá ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að efnið sé nýtt.

5 ÞJÖPPUN Í VEGAGERÐ

Mikilvægt er að þjöppun sé fullnægjanleg því endingartími vegbyggingar veltur að stóru leyti á henni. Þetta getur leitt til lægri kostnaðar við viðhald og endurbyggingu. Þjöppun á jarðefnum er háð eiginleikum þeirra efna sem þjappa á saman. Stærð korna og kornadreifing efnisins hefur því áhrif. Vel flokkað efni nær miklum þéttleika þar sem smærri korn fylla inn í holrými stærri korna. Ef flokkunin er ekki nægjanleg fylla loft og vatn það holrými sem myndast milli kornanna.

Taka þarf tillit til undirstöðujarðvegs á framkvæmdarsvæðinu við þjöppun en hann gefur haft áhrif á þjöppunarvinnu. Misjöfnur geta verið í undirlagi, undirlagið vatnssósa eða stutt niður á klapparyfirborð. Einnig getur stífleiki undirlagsins haft áhrif á þjöppun efnanna sem koma ofan á. Erfitt er að ná fullnægjandi þjöppun þegar undirlagið gefur mikið eftir. Hér á landi hefur verið notast við bæði plötupróf og falllóðspróf við að meta þjöppun í vegagerð en plötupróf er algengasta aðferðin.

TAFLA 10 Kröfur til E2 gildis og hlutfalls E-gilda úr plötuprófum með 300 mm plötu og 0,55MPa álag (Vegagerðin, 2021).

ÞJÖPPUNARPRÓFUN PLÖTUPRÓF	E ₂ (MPA)	E ₂ /E ₁
Styrktarlag:		
≥ 400	≥ 140	≤ 2,5
≥ 100	≥ 130	≤ 3,0
< 100	≥ 120	≤ 3,5
Burðarlag:		
≥ 400	≥ 150	≤ 2,5
≥ 100	≥ 140	≤ 2,7
< 100	≥ 130	≤ 3,0

TAFLA 11 Kröfur til þjöppunarprófana við plötupróf í Noregi (Statens vegvesen, 2019).

ÞJÖPPUNARPRÓFUN PLÖTUPRÓF, NOREGUR	E ₂ (MPA)	E ₂ /E ₁
Styrktarlag	> 120	< 3,5
Burðarlag	> 150	< 2,5

Við plötuprófanir er álag í tvígang sett á hringlaga plötu. Þetta er gert í nokkrum þrepum með vökvatjakki sem tengdur er við dælu ásamt mæliúri sem mælir sigið sem verður við þetta á fyllingunni. Stærð plötunnar ákvarðar áhrifasvið álagsins og því skal velja plötustærð miðað við svæðið sem verið

er að prófa. Þegar prófanir eru gerðar á burðarlögum vega skal nota 300 mm hringlaga plötu. Stærri plötur eru notaðar fyrir þykkari lög, s.s. fyllingar. Út frá niðurstöðum mælinga er línurit teiknað upp sem sýnir fall af álagi. Stuðlar ferlanna, E_1 og E_2 eru reiknaðir út frá hallatölum ferlanna, þ.e. E_1 er reiknað út frá fyrri álagskeysru í prófninu og E_2 út frá því síðara. Hlutfall E_2/E_1 gefur svo þjöppun efnisins en E_2 er mælikvarði á stífleika efnisins. Gerðar eru kröfur um lágmarksgildi fyrir E_2 en einnig að hlutfallið E_2/E_1 sé ekki of hátt. Fyrri krafan er gerð til að tryggja að nægilegt burðarþol sé í fyllingunni en hin síðari á að tryggja að þjöppun sé nægjanleg. Þessir mótstöðustuðlar gefa upplýsingar um burðarþol vegbyggingarinnar út frá 50 ára sögu og reynslu við framkvæmdir plötuprófa á Íslandi (Vegagerðin, 2021). Plötupróf henta vel fyrir efni ≤ 150 mm og fyrir lagþykkir < 300 mm. Í töflum 10 og 11 má sjá kröfur sem gerðar eru til þjöppunar við plötupróf á Íslandi og í Noregi.

Falllóðsmælingar byggja í grófum drætti á því að sig fyllingar er mælt undan höggálagi sem er beitt á fyllinguna/efnismassann. Það svipar til plötuprófa en við falllóðsmælingar er notað sveifluálag sem líkir betur eftir álagi ökutækis á veg. Mælingin er framkvæmd þannig að lóð er látið falla ofan á annað lóð sem flytur þá álagið á hringlaga stálplötu sem liggur á fyllingunni. Algengast er að platan sé 300 mm í þvermál en aðrar stærðir eru einnig notaðar. Hægt er að stilla fallhæð lóðsins og þar með álagið en herra álag fæst með meiri fallhæð. Skv. handbók norsku vegagerðarinnar eru niðurbeygjur eftir annað högg í álagsmiðju og í 200 mm fjarðlægð frá miðju, notaðar til þess að reikna út fjaðurstuðulinn. Út frá fjaðurstuðli er svo burðarþolið reiknað. Fyrir 10 tónna áspunga er gengið út frá viðmiðunargildinu 200 MPa (EFLA, 2018).

Norðmenn nefna ekki hvort þeir mæli með öðru prófinu fremur en hinu en skilja má á textanum í handbók norsku vegagerðarinnar að plötupróf séu algengari en falllóðsmælingar (Statens vegvesen, 2019).

Plötupróf hafa verið notuð mikið hérlandis svo þónokkur þekking hefur skapast. Prófið gefur nákvæma mælingu á sigi undir álagi og niðurstöður fást strax eftir mælingu. Falllóðsprófin hafa lítið verið notuð hérlandis við þjöppunarmælingar og skortir því reynslu við framkvæmd þeirra. Þau hafa þó verið töluvert notuð við ákvörðun á burðarþoli vega landsins (Bjarnason & Urbancic, 1996).


Helstu gallar plötuprófa eru hversu seinleg þau eru í framkvæmd, kostnaðarsöm og gefa ekki heildaryfirsýn yfir þjöppun allrar vegbyggingarinnar. Tvö ökutæki þarf í framkvæmdina ásamt tveimur starfsmönnum. Niðurstöðurnar gefa ekki nákvæmt yfirlit yfir gæði þjöppunar þó þær gefi ágætis mynd af þjöppun og stífleika á staðbundnum svæðum. Um 30-60 mín. getur tekið að mæla stakan punkt í plötuprófi. Því er þetta seinleg aðferð við mat á þjöppun ef mæla á fjölda punkta (Vegagerðin, 2010). Á sama tíma er hægt að framkvæma 10-15 falllóðsmælingar. Með falllóðsmælingum er því hægt að kortleggja stór svæði á stuttum tíma.

Árið 2003 gaf danska vegagerðin út skýrslu (Vejteknisk Institut, 2003) þar sem fjallað er um tilraun þar sem meðal annars plötupróf og falllóðsmælingar eru bornar saman. Helsta markmið þeirrar tilraunar var að sjá hvort hægt væri að nota falllóðsprófið í stað plötuprófa úti í mörkinni. Tilraunin var gerð á um 400 m löngum og 7 m breiðum vegkafla vestan við Árhús. Undirlag vegarins var grófur jökulruðningur sem ýtt var upp og notaður sem fylling. Ofan á honum var svo c.a. 30 cm þykkt neðra burðarlag úr grófum sandi og þar fyrir ofan c.a. 25 cm þykkt burðarlag úr möl. Mælingarnar voru gerðar á yfirborði malarinnar eftir þjöppun. Beint samband virtist vera milli prófanana tveggja, miðað við ákvarðaðan fjaðurstull sem fékkst frá báðum aðferðum í hverju þversniði (Vejteknisk Institut, 2003).

6 KRÝSUVÍKURVEGUR


Fyrsta tillaga verkefnahópsins var að fara í tilraunir á Hafravatnsvegi. Því miður gekk það ekki eftir en þá var ákveðið að gera tilraun á Krýsuvíkurvegi þar sem sex 80 metra kaflar voru lagir út með mismunandi burðarlagi.

Talið var að kaflinn á milli afleggjarans að Vatnsskarðsnámu og Vigdísarvallavegi myndi henta vel í tilraunina, eða frá stöðvum 9222 til 9702 (480 metrar) á vegi 42-01 eða 470-950 miðað við hönnunarlínuna. Vegkaflinn er allur á hrauninu og ekki í miklum halla en aðeins er um fyllingar og skeringar að ræða. Aðlaga á hönnunina þ.a. rúmmetrar skeringa og fyllinga sé sá sami (mynd 4 4).



MYND 4 Langsnið vegkaflans (Vegagerðin, 2019).

Þversnið vegarins gerir ráð fyrir 150 mm þykku burðarlagi úr 0/22 mm efni með tvöfaldri klæðingu, sjá mynd 5.




MYND 5 Kennisnið vegarins (Vegagerðin, 2019).


Falllóðsmælingar voru framkvæmdar í júní 2017, en svo virðist sem mælingarnar séu nokkuð stöðugar allavega þegar neðar dregur (mynd 6). Burðargildið (B) og niðurbeygjan undir álagsmiðjunni (d_0) gáfu til kynna að ekki væri ástæða til styrkinga, hins vegar væri krappi yfirborðsins (SCI) svolítið hár og breytilegur en verið væri að keyra í veginn og byggja hann upp. Krappi burðarlagsins (BCI) var stöðugri en hann gefur til kynna stífni vegarins milli 60-90 cm undir yfirborði vegarins. Þetta staðfesti að vegkaflinn væri vel til þess fallinn að vera notaður í verkefnið.

Erlendis er misjafnt hversu miklu malbikskurli er blandað við efni úr námu, en einnig er verið að nota kurl sem jöfnunarlag og í kaldblandað malbik. Vegna þessa var ákveðið að hafa tilraunakaflanna sex og var hver kafli um 80 metrar að lengd (mynd 7):

- **Kafli 1:** Óbundið burðarlag, 100% efni úr Vatnsskarðsnámu, 15 cm
- **Kafli 2:** Óbundið burðarlag, 20% malbikskurl, 80% efni úr Vatnsskarðsnámu, 15 cm
- **Kafli 3:** Óbundið burðarlag, 40% malbikskurl, 60% efni úr Vatnsskarðsnámu, 15 cm
- **Kafli 4:** Óbundið burðarlag, 60% malbikskurl, 40% efni úr Vatnsskarðsnámu, 15 cm
- **Kafli 5:** Efra burðarlag, 100% malbikskurl, 5 cm – neðra burðarlag, óbundið burðarlag, 100% efni úr Vatnsskarðsnámu, 10 cm
- **Kafli 6:** Efra burðarlag, kaldblandað malbik, 5 cm – neðra burðarlag, óbundið burðarlag, 100% efni úr Vatnsskarðsnámu, 10 cm



MYND 6 Niðurstöður falllöösmælinga frá 8.júní 2017.



MYND 7 Upplag að tilraunaköflum á Krýsuvíkurvegi og staðsetning plötuprófa.

6.1 Framkvæmd tilraunar

Útlögn burðarlagsins fór fram dagana, 15-18. október, 2019 og var eitt klæðingarlag lagt á veginn 21. október. Plötupróf voru framkvæmd 18. og 19. október, og falllóðsmælingar 21. október áður en klæðing var lögð á veginn. Einnig voru tekin sýni úr haugunum og tekin kornakúrfa bæði með brenndu og óbrenndu efni. Ekki var talin þörf á öðrum efnisprófunum.

Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas sá um að að sækja efni í Vatnsskarðsnámu og blanda efninu. Var það gert með svokallaðri sílóaðferð, en þá eru 4 síló með annars vegar malbikskurli í og hins vegar efni úr námu. Efnið er sett í mismunandi hlutföllum á band undir sílóunum sem fer svo í haug sem aftur er umhaugað. Verktakinn, Mjólnir, sá um að sækja blandaða efni og leggja það í veginn. Efnið var keyrt í veginn og svo jafnað með ýtu, þjappað og heflað.


Colas sá um að leggja malbikskurlið og kaldblandaða malbikið, en verktakinn lagði neðra burðarlagið með óbundna efni. Malbikskurlið og kaldblandaða malbikið var lagt með útlagningarvél (mynd 8).

Við útlögn breyttust mörk áfanganna aðeins, þannig að lengd kaflanna er aðeins mismunandi. Þetta er tilkomið vegna þess að verið var að klára efni sem var á bílunum og í einhverjum tilfellum vantaði efni (mynd 9):

- **Kalfi 1 – 9130 til 9309 = 179 metrar** (100% efni úr Vatnsskarðsnámu)
- **Kalfi 2 – 9309 til 9372 = 63 metrar** (20% malbikskurl & 80% efni úr Vatnsskarðsnámu)
- **Kalfi 3 – 9372 til 9433 = 61 metrar** (40% malbikskurl & 60% efni úr Vatnsskarðsnámu)
- **Kalfi 4 – 9433 til 9488 = 55 metrar** (60% malbikskurl & 40% efni úr Vatnsskarðsnámu)
- **Kalfi 5 – 9488 til 9622 = 134 metrar** (100% malbikskurl & 100% efni úr Vatnsskarðsnámu)
- **Kalfi 6 – 9702 til 9622 = 80 metrar** (kaldblandað malbik & 100% efni úr Vatnsskarðsnámu)



MYND 8 Útlögn kaldblandaða malbiksins á Krýsuvíkurvegi.



MYND 9 Útlagnir kaflar á Krýsuvíkurvegi.


Lögð var mikil áhersla á að taka plötupróf ofan á fullþjöppuðu burðarlagi vegarins áður en klæðing var lögð á veginn. Tekin voru þrjú plötupróf á hverjum kafla eða samtals 18 próf, með 300 mm plötu. Plötupróf á kafla 5 og 6 voru framkvæmd 18. október en á hinum köflunum voru plötuprófin framkvæmd 19. október. Við þetta bættust svo 3 próf sem voru framkvæmd 28. október eða 12 dögum eftir útlögn á kafla 6 með kaldblandaða malbikinu.

Þar sem kaldblandaða malbikið tekur tíma að taka sig og ná upp styrk (a.m.k. 7 daga) þá var ráðgert að falllódsmæla aftur um haustið. Það náðist ekki fyrir veturinn en stefnt er að því að falllódsmæla næsta vor þegar vegurinn er búinn að jafna sig eftir veturinn.

6.2 Kornakúrfur


Vegagerðin sá um að taka kornakúrfur úr klæðingarefninu, Colas tók kornakúrfur af blandaða efninu bæði brennda og óbrennda og verktakinn, Mjólnir skilaði inn kúrfu úr námuefninu.

